

Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2016

Dreift um allt Austurland



Til góðra verka



Eru sjómenn á leið í verkfall?

- samningar kolfelldir
- strandaði m.a. á fæðispeningum

Í ljós kemur á næstu dögum hvort boðað verði til atkvæðagreiðsla um allsherjarverkföll sjómanna með haustinu eftir að sjómenn kolfelldu nýgerða kjarasamninga. Samninganefnd sjómanna mun funda í vikunni og hitta útgerðarmenn í fyrsta sinn eftir að samningar voru felldir.

Lítill árangur í baráttu sjómanna fyrir því að fá bættan sjómannaafslátt, sem felldur var niður í áföngum í tíð fyrri ríkisstjórnar, var ein helsta ástæða þess að nýgerðir kjarasamningar Sjómannasambands Íslands voru felldir. 66% þeirra sem greiddu atkvæði í sameiginlegri atkvæðagreiðslu sjómannafélaga innan ASÍ sögðu nei við nýja samningnum. Um 38% kjörsókn var í atkvæðagreiðslunni.

Vilja ekki rugga bátnum

Sjómenn kröfðust þess að fá niðurfellingu sjómannaafsláttar bætt frá útgerðunum enda var sjómannaafsláttur upphaflega settur á til að auðvelda

útgerðum að ná kjarasamningum þegar hagur útgerðarinnar var bágur. Útgerðarmenn neituðu að koma til móts við samningamenn sjómanna hvað þetta varðar en fjármálaráðuneytið bauð að 500 kr. yrðu skattfrjálssar af fæðispeningum hvers dags.

Í dag eru fæðispeningar um 1.700 kr. á hvern dag á sjó og í samtali við stjórnvöld fóru sjómenn fram á að fæðispeningarnir yrðu allir skattfrjálssir en fengu ofangreint tilboð í staðinn.

Ennfremur er verulegur ágreiningur um fiskverðsáskvarðanir, sérstaklega í uppsjávarfiski, en í praksís eru útgerðir nánast sjálfráða um hvaða fiskverð þær greiða fyrir uppsjávarafla. Samkvæmt reglum þurfa útgerðir að gera samning við sjómenn fyrir hverja vertíð, en þar sem góður hlutur hefur verið á sjó síðustu ár, telja einstaka áhafnir sig ekki vera í góðri stöðu til að semja því fáir vilji fórna plássinu með því að standa uppi í hárinu á útgerðarmönnum.

Verkföll í haust?

Að sögn samningamanna sjómanna var einnig áberandi á kynningarfundum að sjómenn töldu sig eiga að fá kauphækkun eins og aðrir í samfélaginu en kjör sjómanna hafa rýrnað síðustu misseri með hækkandi gengi krónunnar, gengisfalli sterlingspundsins og svo með lokun markaða í m.a. Rússlandi. Þannig hefur skiptaverð uppsjávarafla víðast haldist nánast óbreytt síðustu þrjú ár á meðan aðrir hópar launafólks hafa sótt kjarabætur í kjarasamningum.

Þá var gerð bókun varðandi fækkun í áhöfnum fiskiskipa – þess efnis að ráðist yrði í umfangsmikla rannsókn á hvíldartíma sjómanna en sjómannasamtökin hafa haldið því fram að með fækkun í áhöfnum sé öryggi og velferð sjómanna stefnt í hættu enda sé vökutími kominn fram úr hófi.

Forystumenn sjómanna sem kynntu samningana á fundum segjast hafa orðið varir við mikla óánægju sjómanna með kjör sín og þá sérstaklega varðandi

fiskverð. Þó telja menn að ef betri árangur hefði náðst varðandi fæðispeninga og skattfríðindi af þeim hefði það mögulega getað ráðið úrslitum. Það hefði getað þýtt skattaafslátt upp á ca. 20.000 kr. á mánuði að meðaltali.

Niðurstöður atkvæðagreiðslunnar sýna að sjómenn eru tilbúnir að fylgja kröfum sínum eftir með vinnustöðvum verði ekki gengið að þeirra helstu kröfum, en samningar hafa nú verið lausir í rúm 5 og hálf ár

Ef til verkfallsátaka kemur er ljóst að verkföll geta ekki hafist fyrr en í lok október eða í nóvember, eða í kringum kosningar og stjórnarmyndunarviðræður, þar sem allt að 8 vikna ferli er frá því að farið er í atkvæðagreiðslur um verkfallsboðun og þar til verkfall skellur á. Atkvæðagreiðslur um verkfallsboðun yrðu í hverju félagi fyrir sig en ekki sameiginlega með öllum sjómannafélögum þannig að til þess gæti komið að verkfallsboðun yrði samþykkt hjá einstaka félögum en felld hjá öðrum.



Gunnar Smári og Sigurbjörg eru vinnustaðafulltrúar AFLs.

Vinnustaðaeftirlit félagsins skilar árangri!

- Tugir vinnustaða heimsóttir
- Starfsmenn félagsins fá almennt góðar viðtökur

Vinnustaðaeftirlit AFLs Starfsgreinafélags hefur heimsótt tugi vinnustaða á yfirstandandi sumri og rætt við hundruð launþega. Eftirlitið er hluti af átaki ASÍ og SA í samvinnu við Ríkisskattstjóra og Vinnuálastofnun og er markmiðið að vinna gegn svartri vinnu, félagslegum undirboðum, skatt- og bótasvikum og hvers konar svindli á launafólki. Aðrir aðilar sem koma að eftirlitinu eru m.a. Sjúkratryggingar, lögreglan, Útlendingastofnun og Þjóðskrá.

Vinnustaðafulltrúar AFLs eru þau Gunnar Smári Guðmundsson og Sigurbjörg Kristmundsdóttir sem taka þetta hlutverk að sér yfir sumarmánuðina en í daglegu starfi hjá félaginu er Sigurbjörg sérfræðingur félagsins og annast málefni Sjúkrasjóðs en Gunnar er sérfræðingur AFLs og hefur aðallega með orlofsíbúðir félagsins að gera auk þess sem hann aðstoðar við undirbúning innheimtu- og dómsmála með útreikningi á launakröfum.

Oftast góðar móttökur

Þau Gunnar og Sigurbjörg fara ymist tvö saman – en oft er fulltrúi Vinnuálastofnunar með í för og stundum fulltrúar Ríkisskattstjóra. Einnig hefur komið fyrir að aðrir starfsmenn félagsins sinni einstaka heimsóknunum – sérstaklega ef tilefni

heimsóknar er brýnt og fyrirvari lítil. Að sögn Sigurbjargar er yfirleitt vel tekið á móti þeim en þó ber við að móttökur séu frekar fjandsamlegar. Ekki hefur komið til þess að kalla hafi þurft til lögreglu í ferðum þeirra – en í eftirlitsferð fyrir í sumar sem aðrir starfsmenn sinntu – kallaði Vinnuálastofnun til lögreglu til skýrslutöku.

„Oft er oft óþægilegt þegar yfirmenn vilja nánast stjórna samtalinu.“

Starfsmenn AFLs gefa sig fram við stjórnanda ef hann er á staðnum og kynna sig og erindi sitt og segir Sigurbjörg að oftast bregðist menn vel við og kalli á starfsfólkið. Oftast er það þannig að stjórnendur víkja síðan þannig að Gunnar og Sigurbjörg geta rætt óhindrað við starfsfólk. Þó er misbrestur á þessu og oft óþægilegt þegar yfirmenn vilja nánast stjórna samtalinu. Það veldur einnig því að samtalið verður þvingaðra og oftast en ekki fær félagið erindi frá einhverjum starfsmanna eftirá – enda hefur viðkomandi þá ekki náð að bera spurningar upp í viðurvist yfirmanns.

Erindi eftir heimsóknir

Sigurbjörg og Gunnar hafa sinnt þessu eftirlitsstarfi í 5 ár eða frá því að fyrsta átakið fór í gang á grundvelli laga nr. 42/2010. Sigurbjörg segir að margt hafi breyst á þessum tíma og nú hafi þau meiri upplýsingar meðferðis í bæklingum og dreifibréfum auk þess sem þau hafi í sumar skilið eftir nafnspjöld og fá þau nú oft erindi frá starfsmönnum eftir heimsóknir. Það geta verið fyrirspurnir um þjónustu félagsins og kjarasamninga. En einnig berast erindi þar sem starfsmenn telja sig verulega hlunnfarna og að aðbúnaði og öryggismálum sé ábótvant. Í þeim tilfellum hefur félagið samband við Vinnueftirlitið og/eða Heilbrigðiseftirlit Austurlands og óskar eftir að stofnanirnar heimsæki umrædd fyrirtæki og sinni lögbundnu eftirlitshlutverki.

Bætt úr vinnustaðaskilríkjum

Vinnustaðaeftirlit félagsins snýst aðallega að kalla eftir vinnustaðaskilríkjum og skrá kennitölur starfsmanna. Að sögn Sigurbjargar hefur ástandið varðandi vinnustaðaskilríki lagast mikið en fyrsta sumarið sem hún sinnti þessu eftirliti voru nánast engir starfsmenn með slík skilríki.

Í sumar var um það bil helmingur starfsmanna með vinnustaðaskilríki. Eftirlitsstarfið í sumar hefur aðallega beinst að ferðaþjónustu og byggingar- og mannvirkjagerð. Að sögn Sigurbjargar kom henni helst á óvart hversu mikið var af íslensku starfsfólki í ferðaþjónustu miðað við umræðuna síðustu mánuði. Þó eru jafnvel heilu hótelin rekin nánast alfarið af erlendu starfsfólki.

Það er áberandi að erlent starfsfólk er lítið meðvitað um rétt sinn hér á landi og mörg dæmi um að fólk hafi hvorki fengið ráðningarsamning og ekki launaseðla þrátt fyrir að hafa starfað í 2 – 3 mánuði.

Eftirlit stéttarfélaganna byggir á lögum 42/2010 um vinnustaðaskilríki og hafa fulltrúar félagsins sem sinna vinnustaðaeftirliti heimild til að fara á vinnustaði og kalla til lögreglu sér til aðstoðar ef reynt er að hefta störf þeirra. Þá er Vinnuálastofnun heimilt að beita dagsektum vegna brota á lögnum.

„Áberandi er að erlent starfsfólk er lítið meðvitað um rétt sinn hér á landi“

Að nýta sér vankunnáttu

AFL Starfsgreinafélag höfðaði fyrir þremur árum mál fyrir hönd erlends starfsmanns á hóteli á félagssvæðinu. Málið vannst og þurfti hótelið að greiða á aðra milljón króna í vangoldin laun.

Umrætt hótél heldur uppteknum hætti og ræður að mestu erlend ungmenni til starfa en nú ber svo við að ekki er skilað stéttarfélagsgjöldum af einum einasta starfsmanni. AFL Starfsgreinafélag sendi fyrirspurn á öll stéttarfélög innan ASÍ og kannaði þar hvort verið væri að skila gjöldum til annarra félaga en hótelið er á félagssvæði AFLs og kjarasamningar AFLs gilda þar. Svo reyndist ekki vera.

Umræddur hóteleigandi er því að reyna að brjóta upp áratuga sátt á vinnumarkaði og blekkir starfsfólk sitt sem ekki þekkir réttindi sín og skyldur. Á sama tíma er viðkomandi hótél að

koma sér undan því að greiða af starfsmönnum í sjúkrasjóð – en það er lögbundin skylda launagreiðenda enda eru sjúkrasjóðir nátengdir hinu opinbera almannatryggingarkerfi og t.d. greiðir sjúkrasjóður AFLs út um 100 milljónir króna árlega í sjúkradagpeninga. Starfsmenn þessa hótels eru því ótryggðir hvað varðar þennan hluta réttinda sinna.

Trúnaður t.d. opinberra aðila veldur því að félögin geta ekki sótt upplýsingar um hverjir eru að vinna á hverjum stað til annarra aðila – þannig veita hvorki lífeyrissjóðir né ríkisskattstjóri félögunum upplýsingar um hverjir eru á launaskrá á hverjum stað. AFL mun því áætla starfsmannafjölda á umræddu hóteli og áætla launagreiðslur og innheimta síðan m.a. sjúkrasjóðs gjöld með dómi ef það þarf.

Tökum flest mál!

Sumir launagreiðendur virðast telja að með því að ráða útlendinga til starfa og halda þeim frá stéttarfélögum geti þeir komist upp með að hlunnfara fólk án afskipta AFLs Starfsgreinafélags.

Það er misskilningur. AFL Starfsgreinafélag telur það meginhlutverk sitt að vernda umsamin kjör á svæðinu og því tekur félagið að sér að verja hagsmuni sumarstarfsmanna hvort heldur launagreiðandinn hefur skilað iðgjöldum til félagsins eða ekki.

Við erum að upplifa að hluta sömu hluti og á dögum Kárahnjúkauppbyggingarinnar nema hvað helstu brotamenn eru í ferðabjónustu núna en voru þá í verktakageiranum. Útlendingar eru ráðnir til starfa og skipulega reynt að halda þeim einangruðum og þeim er sagt að stéttarfélögin séu slæmar



stofnanir sem vilji bara senda þau úr landi.

Síðan eru launaseðlar ekki afhentir og launagreiðslur með brotakerndum hætti og loks er reynt að losna við fólk úr landi eftir sumarvertíðina og þá án þess að hafa fengið lokauppgjör og oft án þess að hafa fengið einn einasta launaseðil.

AFL beinir því til félagsmanna að verði þeir varir við athæfi eins og lýst er hér að ofan að gera félaginu viðvart og leiðbeina ungum sumarstarfsmönnum um að leita til félagsins.



Engir sjálfboðaliðar!

Í fréttabréfi AFLs í vor var fjallað um vinnustaðheimsókn félagsins í Vallanes og afskipti okkar af sjálfboðaliðum þar. Í heimsókn vinnustaðaeftirlitsfulltrúa

AFLs í síðustu viku voru engir sjálfboðaliðar að störfum. Í ljósi umfjöllunar í síðasta fréttabréfi er rétt að geta þessa.

LÁTUM EKKI SVINDLA Á OKKUR!

ÞÚ ÁTT AÐ FÁ ÚTBORGAÐ FYRSTA VIRKA DAG MÁNAÐARINS OG ÞÚ ÁTT AÐ FÁ LAUNASEÐIL UM LEIÐ OG LAUN ERU GREIDD ÚT.

EF LAUNAGREIÐSLUR DRAGAST OG EF EKKI ERU GEFNIR ÚT LAUNASEÐLAR ÞÁ ER RÉTT AÐ HAFA ALLAN VARA Á. HAFDU SAMBAND VIÐ AFL STARFSGREINAFÉLAG EF ÞÚ FÆRD EKKI LAUNASEÐIL Á RÉTTUM TÍMA.



Til góðra verka!

Hvað segja félagsmenn um íbúðirnar?

Félagsmenn AFLs sem gista í íbúðum félagsins í Reykjavík fylla gjarnan út umsagnarblöð sem liggja frammi í íbúðunum. Við förum reglulega yfir þessi blöð – en þau fara fyrst til skoðunar hjá umsjónarfyrirtækinu Sólar-ræstingar ehf og þar er brugðist við athugasemdum sem ekki þola bið.

Almennt fá íbúðir AFLs mjög góðar umsagnir félagsmanna og algengast er að á blöðunum sé kveðja með þakklæti fyrir góðan aðbúnað og umgjörð. En það berast einni kvartanir og ábendingar.

Því miður hefur komið fyrir að fólk hefur komið í íbúð sem ekki var búíð að ræsta milli leigutaka og eru það alvarleg mistök sem skýrast aðallega af því að leigutaki hefur stýtt dvöl sína fyrirvaralítið og íbúðin er sett tafarlaust í leigu aftur – sennilegast upp úr hádegi og leigist tafarlaust út aftur. Þetta þýðir að á verkefnalista ræstingarfélks vantar umrædda íbúð.

En ábendingar eru margar og þarflegar en við sumum er erfitt að verða:

1. Bílastæði: Algengt er að kvartað sé yfir fáum bílastæðum og við hvött til að fjölga þeim. Ofanjarðar eru engin bílastæði fyrir íbúa og það er einfaldlega ekki hægt að fjölga þeim. Við hvetjum fólk til að nýta stæði sitt í bílakjallara og ef það eru fleiri bílar þá eru bílastæðahús í nágrenninu. Öll stæði ofanjarðar í kringum húsið eru ýmist einkastæði húsanna við Laugaveg eða stæði fyrir fatlaða og fyrir húsvörð og ræstingarfólk.
2. Gluggar: Okkur barst ábending um að fjölga gluggum á íbúðunum. Það var tekið til skoðunar og ákveðið að fresta því um ótiltekna áratugi.
3. Rúmföt: Oft er kvartað undan

lélegum rúmfötum og slitnum og það eru algerlega réttmætar kvartanir. Félagið pantaði fyrir skömmu 200 sett af rúmfötum til að reyna að koma þessu í lag en vandamálið er líka að ræstingarfólk tekur öll rúmföt og setur beint í þvott. Þvottahúsið þvær allt sem þangað kemur, straujar og gengur frá og sendir snyrtilega til baka. Þannig frágengið er erfitt að sjá hvað er ónýtt og hvað ekki – og því ratar það aftur upp í hillur. Við erum að vinna í þessu með umsjónaraðilum.

4. Uppþvottavélin biluð: Við höfum fengið nokkrar þannig ábendingar en sú besta var: „Uppþvottavélin biluð – ekki hægt að kveikja á henni. ----- Ó, fann takkann. Fín upppvottavél“. Takkinn til að kveikja á upppvottavélinni er ofan á lokinu og sést ekki þegar henni hefur verið lokað. Það vefst fyrir sumum. Ein kvörtun barst yfir að upppvottavélin þvæði illa – við kunnum ekki skýringu á því nema þá helst að vélin hafi verið stillt á 30 mínútna prógram með mjög óhreinu leirtaui.

5. DVD spilarar: Félagið hefur verið að fjarlægja DVD spilara úr íbúðum og orlofshúsum smátt og smátt enda er notkun þessara tækja orðin mjög lítil en engu að síður eru fjarstýringar að týnast eða skemmast og því þarf að halda



tækjunum við ef á annað borð er boðið upp á þau. Við höfum bent fólk á að sjónvarpstækin eru með usb rauf á hliðinni á tækinu – þannig að auðvelt er að stinga t.d. USB kubb eða flakkara í samband. Við stefnum að því að húsvörður verði með DVD spilara til að lána ef þess verður óskað.

6. Annar búnaður. Oft berast ábendingar um að það vanti skálar, glös ofl. Við förum yfir hverja íbúð með reglulegu millibili – en starfsfólki eru aðeins gefnar ca 30 mínútur til að þrifa hverja íbúð milli leiguskipta og í daglegri umsjón er ekki ætlast til að farið sé í alla skápa. Það getur því hist þannig á að tiltekna hluti vanti um skeið – fram að næstu yfirferð. Þó bætir starfsfólk úr þegar það verður vart við að hluti vanti – eða ef leigjendur hafa samband á dagvinnutíma.

Vert er að hafa í huga að félagið rekur ekki íbúðirnar í hagnaðarskyni eins og hótél eða gistiheimili, heldur er þetta sameign félagsmanna og ætlast er til félagsmenn axli hluta ábyrgðarinnar sjálfir sem leigutakar – þ.e. gangi vel um og taki því með jafnaðargeði þó að eitthvað vanti upp á – í það minnsta fram á næsta viðverutíma umsjónarmanns. Til að halda kostnaði í lágmarki fær starfsfólk við ræstingar mjög takmarkaðan tíma í hverri íbúð og ekki er ætlast til að farið sé yfir allan búnað milli allra leiguskipta. Á móti kemur að þetta eru glæsilegar íbúðir sem leigðar eru til félagsmanna á broti þess verðs sem tíðkast almennt í leiguíbúðum í miðborg Reykjavíkur.



Vefbúð AFLs

Um miðjan september mun AFL opna á „Mínum síðum“ vefverslun þar sem unnt verður að kaupa t.d. kóða til að nota við bókun á flugi hjá Flugfélaginu Erni, gistiávisanir hjá KEA hótélum og Fosshótélum, Spalarmiða

og næstkomandi sumar verður hægt að kaupa útilegukort og veiðikort auk annarra orlofskosta sem félagið selur.

Fyrirkomulagið verður þannig að fólk velur vöruna sem það vill kaupa og greiðir síðan með kreditkort. Ef um er að ræða vöru sem unnt er að senda rafrænt – þ.e. flugkóða eða

gistiávisanir, kemur varan um hæl með tölvupósti. Einnig verður unnt að velja „greiða með kröfu í heimabanka“ og kemur varan þá með tölvupósti um leið og krafa í heimabanka er greidd. Félagsmenn geta einnig valið að sækja vöruna á skrifstofur félagsins eða fá sent í pósti. Þetta verður nánar auglýst síðar.